

Á milli undirritaðra aðila, Fræ ehf., kt. 500197-2939 (hér eftir vísað til sem **seljanda**), og Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf., kt. 610584-0399, (hér eftir vísað til sem **kaupanda**) er gerður eftirfarandi

## KAUPSAMNINGUR

### 1. Hið selda

- Með þeim skilmálum og fyrirvörum sem fram koma í samningi þessum lofar seljandi að selja og kaupandi að kaupa hluti seljanda í neðangreindum félögum:
  - Fjallalambi hf., kt. 710890-1459, að nafnvirði kr. 1.139.690. Um er að ræða 1,18% af heildarhlutum í félaginu.
  - Seljalaxi hf., kt. 650686-1449, að nafnvirði kr. 2.647.224. Um er að ræða 8,47% af heildarhlutum í félaginu.

### 2. Afhending

- Afhending hins selda fer fram við undirritun kaupsamnings þessa og greiðir seljandi öll gjöld og hirðir allan arð af hinu selda til þess tíma, en kaupandi frá sama tíma.

### 3. Kaupverð

- Kaupverð hlutafjárins er kr. 3.786.914,- skrifað - þrjú milljónir sjö hundruð áttatíu og sex þúsund níu hundruð og fjórtán.
- Greiðsla kaupverðsins fer fram með því að kaupandi skráir skuld á viðskiptareikningi sínum við seljanda, sem síðan verður breytt í hlutafé við hlutafjárhækkun í Fjárfestingarfélagi Þingeyinga hf.

### 4. Skilmálar

- Seljandi ábyrgist að hluthafar í Fjallalambi hf. og Seljalaxi hf. og stjórn félaganna hafa fallið frá forkaupsrétti að hlutum í félögunum.
- Seljandi lýsir kaupanda eiganda að ofangreindum hlutum sínum í félögunum Fjallalambi hf. og Seljalaxi hf.
- Seljandi ábyrgist að stjórn Fræs ehf., kt. 500197-2939 verði tilkynnt um eigendaskipti. Fari svo að stjórn eða aðrir hluthafar í félaginu gangi inn í viðskiptin, þá renna fjármunir til Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf.

### 5. Undirritun

- Til staðfestingar undirrita kaupandi og seljandi kaupsamning þennan.

Húsavík, 30. desember 2024

f.h. Fræ ehf.

f.h. Fjárfestingarfélags Þingeyinga hf.:

\_\_\_\_\_  
Björn s. Lárusson

\_\_\_\_\_  
Pétur Snæbjörnsson